

## **Reglur Sveitarfélagsins Árborgar um stofnframlög**

### **1. gr.**

#### **Markmið og gildissvið**

Reglur þessar gilda um veitingu stofnframlaga Sveitarfélagsins Árborgar samkvæmt lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016.

Markmið með veitingu stofnframlaga er að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga í sveitarfélaginu, sem eru undir tekju- og eignamörkum skv. 10. gr. laga um almennar íbúðir, með því að auka aðgengi að öruggu og viðeigandi íbúðarhúsnæði til leigu og stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu leigjenda. Veitingu stofnframlaga er ætlað að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir í sveitarfélaginu á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda, þ.m.t. fyrir námsmenn, ungt fólk, aldraða, fatlað fólk og fólk sem ekki er fært um að sjá sér fyrir húsnæði sökum félagslegra aðstæðna eða verulegs fjárhagsvanda.

Á árunum 2026-2029 skal lögð sérstök áhersla á stofnframlög til Leigubústaða Árborgar, með það að markmiði að endurnýja og fjölga íbúðum og með því ná niður biðlista fyrir félagslegt íbúðarhúsnæði hjá sveitarfélaginu.

### **2. gr.**

#### **Ábyrgð og verkaskipting**

Bæjarstjórn setur reglur sveitarfélagsins um stofnframlög og staðfestir veitingu einstakra stofnframlaga enda séu fjárheimildir fyrir þeim í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Bæjarstjóri ber ábyrgð á stjórnsýslulegri framkvæmd.

Velferðarnefnd fer yfir umsóknir og gerir tillögu til bæjarráðs um afgreiðslu þeirra á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerðar nr. 183/2020 og reglna þessara.

### **3. gr.**

#### **Skilyrði til umsækjenda**

Eingöngu er heimilt að veita stofnframlög til eftirtalinna aðila:

- a) Húsnæðissjálfseignarstofnana og lögaðila sem eru alfarið í eigu Sveitarfélagsins Árborgar.
- b) Annarra lögaðila sem ráðherra hefur heimilað að verði veitt stofnframlag enda séu þeir ekki reknir í hagnaðarskyni og það samræmist tilgangi og markmiðum laga um almennar íbúðir.

Uppfylli umsækjandi ekki framangreind skilyrði skal umsókn hafnað.

### **4. gr.**

#### **Skilyrði um markmið umsækjenda**

Umsækjendur þurfa að hafa uppi áform um byggingu eða kaup á íbúðarhúsnæði sem ætlað er leigjendum sem eru undir þeim tekju- og eignamörkum sem tilgreind eru í 10. gr. laga nr. 52/2016.

Áformin skulu vera í samræmi við markmið sveitarfélagsins með tilliti til þarfar fyrir leiguhúsnæði og uppbyggingu þess á hverjum tíma.

## 5. gr.

### Umsókn um stofnframlag

Sveitarfélagið auglýsir eftir umsóknum um stofnframlög að jafnaði einu sinni á ári. Umsókn sem berst eftir að umsóknarfrestur rennur út verður ekki tekin til umfjöllunar. Umsóknum skal skilað í því formi sem tilgreint er í auglýsingu.

Í umsókn um stofnframlög skal koma fram:

1. Hver umsækjandi er og stofnendur umsækjenda. Stofngögn félagsins, staðfesting ráðherra á félaginu og staðfesting sjálfseignarstofnunarsskrár ef við á.
2. Fjöldi, gerð, staðsetning og stærð íbúða sem fyrirhugað er að byggja eða kaupa.
3. Framkvæmdaráætlun og framkvæmdatími ef við á.
4. Áætlað stofnvirði þeirra íbúða sem fyrirhugað er að byggja eða kaupa með nákvæmri sundurliðun, staðfest af þar til bærum sérfræðingi.
5. Greinargerð um hvaða hópi húsnæðinu er ætlað að þjóna ásamt upplýsingum um tekjudreifingu og áætlaðar meðaltekjur hópsins eftir því sem kostur er á.
6. Greinargerð um þörf á leiguhúsnæði fyrir þann hóp sem húsnæðinu er ætlað að þjóna m.t.t. stærðar, gerðar og staðsetningar þess og hvernig áform umsækjanda um fyrirhugaðar byggingar eða kaup á almennum íbúðum taka mið af þörfinni með hliðsjón af áætlunum og markmiðum sveitarfélagsins um félagslega blöndun.
7. Greinargerð um hvort og hvernig hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar eru nýttar í því skyni að lækka byggingarkostnað og hvort og þá hvernig er lögð áhersla á skapandi og hugvitssamlegar lausnir og góða hönnun íbúðanna.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn jafnframt lögð fram:

1. Greinargerð um umsækjanda og eftir atvikum samþykktir og síðasti ársreikningur umsækjanda.
2. Staðfesting langtímafjármögnunar frá viðskiptabanka eða fjármálastofnun, lánstími, kjör og fjárhæð og hlutfall af stofnkostnaði og staðfesting brúarfjármögnunar ef við á.
3. Viðskiptaáætlun sem inniheldur m.a. leiguverð hverrar íbúðar og áætlanir um þróun þess. Viðskiptaáætlun skal fylgja greinargerð þar sem m.a. eftirfarandi þarf að koma fram:
  - Greinargóð lýsing á helstu forsendum um tekjur og útgjöld.
  - Greinargóð lýsing á aðferðinni sem umsækjandi hyggst beita við ákvörðun leiguverðs íbúðanna í upphafi og til lengri tíma.
  - Rökstuðningur fyrir mati á viðhaldsþörf íbúðanna sem birtist í viðskiptaáætlun, bæði reglulegu viðhaldi og meiriháttar endurbótum.
  - Greinargerð um innri og ytri áhættuþætti verkefnisins á framkvæmdatíma, á fyrstu rekstrarárum og til lengri tíma og hvernig umsækjandi hyggst bregðast við mögulegum frávikum frá viðskiptaáætlun.
4. Viðskiptaáætlun ásamt greinargerð skal gefa glögga mynd af afkomu, efnahag, fjárfestingahreyfingum og fjármögnunarahreyfingum verkefnisins sem og ráðstöfun eigna og sjóða bæði á framkvæmdatíma og vegna reksturs íbúðanna, þ.m.t. viðhaldsframkvæmda, til skemmri og lengri tíma.
5. Kaupsamningur, áætlanir um endurbætur og verksamningur ef við á.
6. Vilyrði um lóð eða staðfesting á eignarhaldi á lóð þegar það á við.
7. Skilalýsing með uppdráttum af tegundum íbúða og lýsingum á sameign og bílastæðum þegar það á við.
8. Staðfesting skipulagsfulltrúa á því að áform umsækjanda séu í samræmi við gildandi skipulag þegar það á við.

9. Upplýsingar um reynslu umsækjanda og/eða stofnaðila/stjórnenda/lykilstarfsmanna af verklegum framkvæmdum, s.s. hvað varðar áætlanagerð, skipulag og utanumhald, af svipaðri gerð og stærðargráðu og sótt er um stofnframlög vegna.
  10. Upplýsingar um viðeigandi reynslu þeirra aðila sem komu að vinnslu áætlana, s.s. áætlunar um stofnvirði og viðskiptaáætlunar, og þeirra aðila sem eiga að fylgja áætlunum eftir.
  11. Staðfesting frá viðkomandi yfirvöldum um að umsækjandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld, dagsett innan 30 daga frá umsókn.
  12. Staðfesting frá lifeyrissjóði/sjóðum um að umsækjandi sé ekki í vanskilum með lifeyrissjóðsigjöld, dagsett innan 30 daga frá umsókn.
  13. Skrifleg yfirlýsing um:
    - Að umsækjandi, forráðamenn og/eða stofnendur hans séu ekki í gjaldþrotaskiptum eða í slitameðferð, hafi ekki fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða uppfylli skilyrði þess að vera í slíkri meðferð.
    - Að umsækjandi, forráðamenn og/eða stofnendur hans hafi ekki verið sektaðir eða dæmdir til refsingar með endanlegum dómi fyrir brot í atvinnustarfsemi, s.s. vegna bókhaldsbrot, skattalagabrot o.fl.
  14. Annað það sem nauðsynlegt er til þess að unnt sé að taka afstöðu til umsóknar.
- Nánari upplýsingar um þau gögn og áætlanir sem skila ber með umsókn og form þeirra koma fram í auglýsingu um umsóknir eða á vefsíðu sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið getur óskað eftir frekari gögnum ef þörf er á til að unnt sé að taka afstöðu til umsóknar.

Heimilt er að synja umsókn hafi nauðsynleg gögn ekki borist innan auglýsts umsóknarfrests eða ef umsækjandi veitir rangar eða villandi upplýsingar.

Heimilt er að veita undanþágu frá því að staðfesting fjármögnunar skv. 2. tölul. 3. mgr. fylgi með umsókn, enda berist staðfestingin í síðasta lagi þremur vikum eftir að umsóknarfrestur sveitarfélagsins rennur út.

Geti umsækjandi ekki sýnt fram á skil á gjöldum sbr. 11. og 12. tölul. 3. mgr. veitir sveitarfélagið viðkomandi ekki stofnframlag.

Heimilt er að synja umsókn ef umsækjandi, forráðamenn hans og/eða stofnendur leggja ekki fram skriflegar yfirlýsingar sbr. 13. tölul. 3. mgr.

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um að veittar upplýsingar séu réttar hjá þar til bærum aðilum.

Sé sveitarfélaginu kunnugt um að umsækjandi hafi verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir mútur, svik, peningaþvætti eða þátttöku í skipulagðri brotastarfsemi veitir sveitarfélagið viðkomandi ekki stofnframlag. Sama gildir ef forráðamenn og/eða stofnendur eru í sömu stöðu.

## **6. gr.**

### **Krafa um endurgreiðslu**

Áður en umsókn um stofnframlag er samþykkt skal lagt mat á það hvort krefjast skuli endurgreiðslu stofnframlaga í samræmi við 5. mgr. 14. gr. laga nr. 52/2016.

## **7. gr.**

### **Krafa um aðild stjórnar**

Áður en umsókn um stofnframlag er samþykkt skal lagt mat á það hvort krefjast skuli aðildar að stjórn og eftir atvikum fulltrúaráði umsækjanda í samræmi við 4. mgr. 14. gr. laga nr. 52/2016.

## **8. gr.**

### **Mat á umsóknum**

Við afgreiðslu umsókna skal m.a. lagt mat á eftirfarandi atriði:

1. Hvort umsókn um stofnframlag samræmist ákvæðum laga og reglugerða.
2. Hvort verkefnið rúmist innan fjárheimilda samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og hvort áhrif veitingar stofnframlaga á rekstur, efnahag og sjóðstreymi sveitarfélagsins sé í samræmi við forsendur áætlunar.
3. Hvort það húsnæði sem á að byggja eða kaupa teljist hagkvæmt og uppfylli þarfir íbúa þannig að ásættanlegt sé.
4. Hvort þörf er á leiguhúsnæði af þeirri stærð og gerð fyrir þann hóp sem húsnæðinu er ætlað að þjóna.
5. Hvort áætlað leiguverð sé í samræmi við greiðslugetu væntanlegs leigjendahóps.
6. Hvort fjármögnun útgjalda vegna verkefnisins, m.a. vegna framkvæmda, rekstrar, reglulegs viðhalds, endurbóta og endurgreiðslu lána og stofnframlaga, sé traust og hvort fjármögnun hafi verið tryggð með fullnægjandi hætti.
7. Hvort fyrirbyggjandi gögn, s.s. áætlun um stofnvirði, viðskiptaáætlun og áætlað leiguverð, séu traust og raunhæf og hvort líklegt sé að þessar áætlanir gangi eftir þannig að verkefnið nái tilgangi og markmiði laga og áætlunum sveitarfélagsins.
8. Hvort umsókn samræmist að öðru leyti tilgangi og markmiði laga og áætlana sveitarfélagsins.

Heimilt er að taka mið af efnahagslegum aðstæðum í samfélaginu og áhrifum byggingarstarfsemi á samfélagið og hagkerfið.

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

## **9. gr.**

### **Samþykki umsókna**

Ef sótt er um stofnframlag vegna byggingar almennra íbúða á lóð í eigu sveitarfélagsins skal umsókn um stofnframlag ekki samþykkt fyrr en gengið hefur verið frá úthlutun lóðar.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um veitingu stofnframlaga skal tilkynna umsækjendum um niðurstöðuna. Í samþykki skal greina hvort sveitarfélagið nýtir heimild sína til að binda veitingu stofnframlags skilyrði um að það verði endurgreitt þegar lán tekin til að standa undir fjármögnun þeirra almennu íbúða sem veitt hefur verið stofnframlag hafa verið greidd upp og hvort sveitarfélagið muni gera kröfu um aðild að stjórn og eftir atvikum fulltrúaráði þess lögaðila sem fær stofnframlagið.

**10. gr.**  
**Greiðsla stofnframlaga**

Stofnframlag sveitarfélagsins mun felast í úthlutun lóðar, lækkun eða niðurfellingu á gjöldum sem umsækjanda ber að standa skil á til sveitarfélagsins vegna íbúðanna, s.s. gatnagerðargjalds, og eftir atvikum beinu framlagi.

Ef skilyrði skv. 3. mgr. 9. gr. er uppfyllt og önnur atriði standa ekki í vegi skal greiða helming stofnframlags. Við útreikning á þessum helmingi framlagsins er sveitarfélaginu heimilt að taka tillit til verðmætis lóðar og lækkunar eða niðurfellingar gjalda skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Seinni helming stofnframlags vegna almennrar íbúðar skal greiða þegar íbúðin hefur verið leigð út gegn afriti af þinglýstum leigusamningi um íbúðina. Heimilt er að veita undanþágu frá þinglýsingu leigusamnings þegar um er að ræða leigu á íbúðarhúsnæði í eigu ríkis, sveitarfélags eða félags sem er að öllu leyti í eigu ríkis eða sveitarfélags eða leigu námsmanna á herbergi eða íbúð á heimavist eða námsgörðum sem tengjast viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis á Íslandi, sbr. 12. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur, enda liggi fyrir skriflegur leigusamningur.

**11. gr.**  
**Kvaðir**

Þinglýsa skal kvöðum á hvert fastanúmer sem hlýtur stofnframlag. Kvaðirnar skulu fela í sér:

- Bann við veðsetningu til tryggingar öðrum skuldum en lánum sem upphaflega voru tekin til kaupa eða byggingar á fasteigninni og skuldabréfi til endurgreiðslu stofnframlaga.
- Kvöð um að fasteignin verði einungis notuð í samræmi við ákvæði laga og reglna um stofnframlög.
- Kvöð um að eiganda sé skylt að láta þinglýsa veðskuldabréfi vegna endurgreiðslu skilyrts stofnfjár og stofnframlags þegar til endurgreiðslu þeirra kemur.

Kvöðum verður ekki aflýst nema með samþykki sveitarfélagsins.

Samþykktar í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar \_\_\_\_\_ 2026.